

"Umsögn um 235. mál, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, og lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

Orkuráð fylgdist á sínum tíma með störfum nefndar um endurskipulag Orkusjóðs, enda var formaður ráðsins einn nefndarmanna. Þá gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Orkuráði einnig tækifæri til umsagnar um drög að þessu frumvarpi.

Orkuráð styður þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, enda eru þær í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar og starfshætti ráðsins undanfarin ár.

Ráðið gerir tvær athugasemdir við frumvarpið.

Annars vegar leggst ráðið gegn því að heitið *úthlutunarnefnd* verði notað um hina nýju stjórnarnefnd eða umsjónarhóp Orkusjóðs, og telur að það geti valdið misskilningi og vandræðum. Ráðið bendir á að hvorki núverandi Orkuráð né nýja stjórnarnefndin úthlutar einu né neinu heldur **gerir tillögur til ráðherra** um ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Ráðið bendir ennfremur á að meginverkefni sjóðsins er að fjalla á faglegum grunni um lánveitingar til jarðhitaleitar, en ekki er íslensk málvenja að lánnum sé „úthlutað“. Að auki gerir ráðið tillögur til ráðherra um styrkveitingar með tilteknum forsendum á grundvelli umsagna frá fagmönnum, og hafa þær samtals numið um 25 milljónum árlega síðustu ár, til um 12–15 rannsóknarmanna eða frumkvöðla. Þar má vissulega segja að um úthlutun sé að ræða, en hún er á vegum ráðherrans, ekki Orkusjóðs-ráðsins eða nefndarinnar. – Nær væri að kalla þennan nýja hóp *stjórnarnefnd* eða *umsjónarnefnd* Orkusjóðs, eða þá *ráðgjafarnefnd* sjóðsins eftir meginhlutverkinu.

Þá kemur ráðið því á framfæri að það hentar betur starfsemi Orkusjóðs að hin nýju lög taki gildi tiltekinn mánaðardag en að miðað sé við dagsetningu lokaafgreiðslu á þinginu.

Í athugasemdum með frumvarpinu er getið um athugasemdir Ríkisendurskoðunar um fyrirkomulag sjóðsstjórnar miðað við umsvif sjóðsins. Rétt er að fram komi að um er að ræða almennar ábendingar í endurskoðunarbréfum frá 18. apríl 2005 og 14. mars 2006, en ekki aðfinnslur við störf Orkuráðs.

Með vinsemd og virðingu f.h. Orkuráðs

Mörður Árnason, formaður"